**Byggðastofnun**
**Þróunarsvið**

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 128/592
*komudagur* 7.3.2003

Dagsetning
*5.3.2003*

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um flutning starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar, 373. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við að skipuð verði nefnd til að kanna hagkvæmni þess að flytja störf Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar. Nokkur hluti af starfsemi Ferðamálaráðs er á Akureyri og leggur Byggðastofnun áherslu á að tryggt verði að störf við málefni ferðaþjónustunnar verði áfram unnin á landsbyggðinni.

Virðingarfyllst

Dr. Bjarki Jóhannesson
*forstöðumaður Þróunarsviðs Byggðastofnunar*

Guðmundur Guðmundsson
*ráðgjafi á Þróunarsviði Byggðastofnunar*

**Heimilisfang** Skagfirðingabraut 21 550 Sauðárkróki **Sími** 455 6200 **Bréfsími** 455 6201 **Netfang** bj@bygg.is **Heimasíða** http://www.bygg.is